



SAMORKA



SVP



Atvinnuvegaráðuneytið

Skúlagötu 4

101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík, 2. mars 2026

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (innleiðing)

Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu, SVP - samtök verslunar og þjónustu, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samorka, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar og Viðskiptaráð Íslands (hér eftir sameiginlega nefnd samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var í Samráðsgátt stjórnvalda 5. febrúar. Með frumvarpinu verða innleidd ákvæði tilskipunar (ESB) 2017/828, SRD II og framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1212.

Fulltrúar SA, SFF og Viðskiptaráðs áttu sæti í óformlegum starfshópi ráðuneytisins á meðan unnið var að gerð frumvarpsins og áttu jafnframt fund með ráðuneytinu í aðdraganda þess að frumvarpsdrögin voru birt á Samráðsgátt. Hægt er að fallast á að á frumstigum þessa máls hafi verið gerð gangskör að samráði, sem er til eftirbreytni og ber að fagna. Hafa verður þó í huga að hluta- og einkahlutafélagalöggjöfin er grundvallarlöggjöf, sem kveður á um sum mikilvægustu atriði sem varða þau félagaform sem langstærstur hluti íslensks atvinnulífs reiðir sig á. Í ljósi undirliggjandi hagsmuna telja samtökin því nauðsynlegt að stjórnvöld vandi til verka og fylgi fyrir fram ákvörðuðum starfsferlum þegar þau vinna að breytingum á íslenskri félagaréttarlöggjöf. Líta má til samráðsferlis mála í því samhengi, en mikilvægt er að formfestu gæti við samráð og við ákvörðun um hverja samráð sé viðhaft.

Við innleiðingu regluverks ESB leggja samtökin almenna áherslu á að ekki verði farið umfram lágmarkskröfur Evrópureglna, gildissvið íslenskra reglna verði ekki víðtækara en þeirra evrópsku, allar ívilnandi undanþágur verði nýttar og að allar sambærilegar kröfur sem fyrir eru í lögum eða reglugerðum verði afnumdar.

Eftirfarandi eru athugasemdir samtakanna við einstaka ákvæði frumvarpsdraga.

1. 1. gr. Milliliðir, auðkenning hluthafa og miðlun upplýsinga**a. liður (30. gr. a) – Milliliðir**

Hugtakið „milliliður“ er skilgreint með rýmri hætti í frumvarpsdrögunum en í enskum frumtexta tilskipunarinnar. Í frumvarpsdrögunum segir að „milliliður“ sé „aðili sem veitir þjónustu í tengslum við vörslu hlutabréfa, umsýslu hlutabréfa eða viðhald verðbréfareikninga



fyrir hönd hluthafa eða annarra aðila“, en í enskum frumtexta tilskipunar (ESB) 2017/828 er hliðstæða hugtakið „intermediary“ skilgreint sem: „a person, such as [...], which provides services of safekeeping of shares, administration of shares or maintenance of securities accounts on behalf of shareholders or other persons“. Ef skilgreiningarnar eru bornar saman má sjá að hinn íslenski texti inniheldur nokkuð rýmri skilgreiningu en sá enski. Hvergi kemur fram hvers vegna hafi verið ákveðið að fara þessa leið, en samtökin telja að skoða þurfi hvort gengið sé lengra en nauðsyn krefur við innleiðingu á ákvæði d. liðar 2. gr. tilskipunarinnar.

b. liður (30. gr. b) – Auðkenning hluthafa

Með ákvæði 1. mgr. 3. gr. a tilskipunarinnar er aðildarríkjum heimilað að binda auðkenningu við þá hluthafa sem eiga 0,5% hlut í félagi. Hér er um undanþágu að ræða, sem ekki virðist nýtt í frumvarpsdrögum. Samtökin telja undanþáguna til þess fallna að einfalda framkvæmdina talsvert, en í frumvarpsdrögum kemur þó hvergi fram hvers vegna heimildin sé ekki nýtt. Þá er vert að líta til 3. mgr. 3. gr. a tilskipunarinnar, sem heimilar milliliðum að óska eftir upplýsingum um hluthafa til verðbréfaskráningar (CSD). Í því samhengi ítreka samtökin framkomnar ábendingar um mikilvægi þess að ekki sé gengið lengra en nauðsyn er til við innleiðingu regluverks. Samtökunum þykir jafnframt tilefni til að koma að ábendingu varðandi orðalag 3. mgr. 30. gr. b., sem ekki er álitid nægilega skýrt.

f. liður (30. gr. f) – staðfesting og talning atkvæða (tímafrestur)

Í 2. mgr. er fjallað um tímafrestr vegna skráningar og talningar atkvæða á hlutahafafundi. Tiltekinn er tímafrestur, fjórar vikur, sem er töluvert skemmri en tilskipunin heimilar (3 mánuðir). Ekki er að sjá rök fyrir því af hverju þessi leið er farin í frumvarpinu. Hlutabréf í skráðum félögum eru gjarnan varðveitt í gegnum keðju milliliða, t.d. með safnskráningu þar sem milliliður er skráður eigandi hlutabréfa fyrir hönd margra viðskiptavina. Með frumvarpinu er lagt til að skráðum félögum verði tryggður skýr og óskilyrtur réttur til að krefjast upplýsinga frá milliliðum í því skyni að bera kennsl á raunverulega hluthafa sína. Ekki er ástæða til að leggjast gegn þeim rétti sem félögum er veittur til að bera kennsl á hluthafa og bætta upplýsingamiðlun. Hins vegar verður að halda til haga mikilvægi þess að framkvæmd sé samræmd og tæknilega raunhæf.

2. 2. gr. Starfskjarastefna

Samtökin fagna afnámi banns við kaupréttum til stjórnarmanna sbr. þær breytingar sem liggja fyrir með 2. gr. frumvarpsins. Þetta er mikilvægt skref í átt að samkeppnishæfara regluverki sem mætir þörfum atvinnulífsins. Tækni- og hugverkafyrirtæki keppa á alþjóðlegum markaði um sérhæft stjórnarfólk og eru hlutabréfatengdir hvatar þar lykiltæki til að tryggja langtímaverðmætasköpun, en fortakslausar takmarkanir hafa til þessa hamlað íslenskum vaxtarfyrirtækjum. Breytingin færir íslenskt umhverfi nær norrænni framkvæmd og styður við áframhaldandi vöxt tækni- og hugverkaiðnaðar. Í stað boða og banna er nú byggt á gagnsæi og aðhaldi hluthafa, sem styrkir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs til framtíðar. Samtökin vilja þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna ákvæðisins:

Með 2. gr. frumvarpsdraga er lagt til að núgildandi 79. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög falli brott og í stað hennar verði innleidd ákvæði 1.-5. mgr. og 7. mgr. 9. gr. a SRD II tilskipunarinnar. 2. gr. frumvarpsdraganna kveður á um að félagsstjórn í félagi sem ber skylda



til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skuli samþykkja starfskjarastefnu. Sem fyrr segir má ætla að þar sé fyrirhugað að innleiða gr. 9a núgildandi tilsk. 2007/36 með áorðnum breytingum skv. SRD II. Orðalag 1. mgr. þeirrar greinar er svohljóðandi:

„Member States shall ensure that companies establish a remuneration policy [...]“

Við innleiðingu virðast frumvarpsdrög hins vegar líta framhjá því að gildissvið tilsk. 2007/36, sem er tilskipunin sem SRD II uppfærir, nær aðeins til skráðra félaga, sbr. orðalag gr. 1(1) tilskipunarinnar sem er svohljóðandi:

„This Directive establishes requirements in relation to the exercise of certain shareholder rights attaching to voting shares in relation to general meetings of companies which have their registered office in a Member State and whose shares are admitted to trading on a regulated market situated or operating within a Member State.“ (leturbr. samtökin) [1]

Athygli vekur að þessi yfirsjón er ekki endurtekin í 4. gr. frumvarpsdragana, þar sem kveðið er á um að ákvæðið nái til félaga hvarra hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði. En 1. mgr. 9.b tilskipunarinnar segir:

„Member States shall ensure that the company draws up a clear and understandable remuneration report [...]“.

Ekki er þar fyrir að fara orðamun sem skýrir hvers vegna innleiðingin er svo langt um meira íþyngjandi en leiðir af tilskipuninni. Samtökin telja mikilvægt að þessi yfirsjón verði leiðrétt, en samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er gert ráð fyrir að þetta ákvæði frumvarpsdraga muni gilda um u.þ.b. 1700 félög. En ef miðað er við gildissvið tilskipunarinnar munu þau félög einungis vera þau félög sem skráð eru á markað. Sem fyrr segir er ekki að finna útskýringar á þessari ákvörðun í greinargerð frumvarpsdraga. Samtökin telja ámælisvert að slíkri gullhúðun sé beitt, með íþyngjandi afleiðingum fyrir umtalsverðan fjölda félaga.

Starfskjarastefnan sem ákvæðið fjallar um varðar laun og aðrar greiðslur til meðlima félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins. Ekki er nægilega ljóst af ákvæðinu eða greinargerð hverjir teljist hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félags, eins og nánar er vikið að hér í lok umsagnar.

Þá má nefna að samkvæmt tilskipuninni er aðildarríkjum heimilt að ákveða hvort atkvæðagreiðsla um starfskjarastefnu sé bindandi eða ráðgefandi. Í frumvarpsdrögunum virðist hins vegar gert ráð fyrir bindandi atkvæðagreiðslu að því er varðar hlutabréfatengd starfskjör. Þá skal birta niðurstöður atkvæðagreiðslunnar tafarlaust á vefsíðu félagsins og starfskjarastefna aðgengileg almenningi án endurgjalds. Í frumvarpsdrögum er jafnframt lagt til að ef starfskjarastefnu er hafnað á hluthafafundi skuli áfram greidd laun samkvæmt gildandi starfskjarastefnu þar til endurskoðuð stefna hefur verið lögð fram og samþykkt á næsta hluthafafundi. Tilskipunin heimilar hins vegar vægari útfærslu, þar sem aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að þótt starfskjarastefnu sé hafnað í ráðgefandi atkvæðagreiðslu megi engu að síður greiða laun samkvæmt henni, að því gefnu að endurskoðuð stefna verði lögð fram á næsta hluthafafundi.



Í 2. mgr. 2. gr. segir að hluthafar greiði atkvæði um starfskjarastefnuna á aðalfundi félagsins við hverja mikilvæga breytingu á stefnunni. Til að tryggja fyrirsjáanleika þarf að skýra nánar hvað telst vera „mikilvæg breyting“ samkvæmt ákvæðinu.

2. gr. frumvarpsins er því ekki til þess fallin að auka skýrleika eða fyrirsjáanleika. Að teknu tilliti til fyrrnefnds mikilvægis félagaréttarlöggjafarinnar fyrir íslenskt atvinnulíf, er æskilegt að ákvæði séu bæði skýr og fyrirsjáanleg. Vísan til annarrar löggjafar, svo sem ársreikningalaga, sem er í eðli sínu e.t.v. ætlað að vera dýnamískari en félagaréttarlöggjöfin, er því lagatæknileg útfærsla sem þarf að útfæra að vandlega íhuguðu máli.

Þá má benda á að miðað við stöðu frumvarpsdraga í dag, sé full ástæða til að leggja vandlega mat á gildistökuákvæði.

3. 4. gr. Starfskjaraskýrsla

Samkvæmt 2. tl. 4. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir árlegri skýrslugerð þannig að samanburður síðustu fimm fjárhagsára sé mögulegur. Þó þessi skylda kunni að fela í sér aukið gagnsæi, er engu að síður nauðsynlegt að skýra nánar aðferðafræði við útreikning á meðallaunum starfsmanna og tryggja samræmi við reglur um persónuvernd.

Þessu tengt má nefna að 6. tl. 4. mgr. 4. gr. fjallar um breytileg starfskjör og frávík. Gerðar eru auknar kröfu um skýr og mælanleg árangursviðmið og tengingu við langtímahagsmuni og sjálfbærni. Samtökin benda á að mikilvægt sé að félögum sé gefið nægjanlegt svigrúm til að laga hvataúrræði að markaðsaðstæðum og samkeppnisstöðu hverju sinni.

Í 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins er fjallað um atkvæðagreiðslu vegna starfskjaraskýrslu. Í skýringum í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að atkvæðagreiðsla 5. mgr. sé ráðgefandi en það kemur ekki fram í ákvæðinu sjálfu. Í skýringum í greinargerð með frumvarpinu kemur jafnframt fram að litlum og meðalstórum félögum sé heimilt að leggja skýrsluna fram til umræðu í stað atkvæðagreiðslu. Þetta kemur ekki fram í ákvæðinu sjálfu. Samtökin telja heppilegra að kveðið sé á um framangreint í frumvarpstextanum sjálfum.

4. 5. gr. Mikilvæg viðskipti

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að mikilvæg viðskipti skráðra félaga og tengdra aðila skuli samþykkt af stjórn félags áður en viðskiptin eru framkvæmd. Í 3. mgr. 5. gr. eru mikilvæg viðskipti skilgreind sem viðskipti þegar gangvirði viðskiptanna er 5% eða meira af heildareignum samkvæmt síðasta birta samstæðureikningi félagsins. Við framkvæmd í öðrum aðildarríkjum innan EES er algengt að miðað sé við 10% af heildareignum en með hliðsjón af smæð íslenska markaðarins lagði ráðuneytið til lægra hlutfall hérlandis.

Viðmiðið um að viðskipti séu talin mikilvæg ef gangvirði þeirra nemur 5% eða meira af heildareignum félagsins er að mati samtakanna of lágt. Samtökin benda á að það er eðli prósentuviðmiða að þau taka mið af hlutfalli heildarumfangs. Þannig er smæð íslenska markaðarins að mati samtakanna ekki rök sem eiga við til réttlætningar á þessari íþyngjandi innleiðingu.

Þvert á móti mætti halda því til haga að of lágt viðmið, á borð við 5%, hamli viðskiptum um of og raski verðmyndun á frjálsum mörkuðum. Dregur það úr samkeppnishæfni íslensks



atvinnulífs. Unnið hefur verið ötullega að því að laða til landsins erlenda fjárfesta og hefur það þótt til marks um góðan árangur og t.a.m. verið talinn gæðastimpill fyrir íslenska hlutabréfamarkaðinn þegar hann var tekinn inn í vísitölu MSCI.¹ Óþarflega íþyngjandi regluverk, svo sem að miða við helmingshlutfall þess sem telst mikilvæg viðskipti í öðrum löndum, kann að stefna slíkum ávinningi í hættu.

Að mati samtakanna þarf enn fremur að skýra nánar framkvæmd samlagningarreglu innan reikningsárs og hvernig meðhöndla skuli breytingar á áður samþykktum samningum. Ákvæði 1. – 4. mgr. 5. gr. taka ekki til viðskipta sem eru liður í venjulegum viðskiptum félagsins á eðlilegum viðskiptakjörum. Að mati samtakanna er mikilvægt að afmörkun undanþágunnar sé skýr til að forðast óþarfa birtingu og málsmeðferð vegna daglegs rekstrar.

5. 6. gr. Þátttökustefna - ákvæði og umfjöllun í greinargerð

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um þátttökustefnu. Umfjöllun um þátttökustefnu í greinargerð með frumvarpsdrögum er ekki allsendis í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Í greinargerð segir:

"Með SRD II er lögð sú skylda á þessa aðila að þróa og birta opinberlega þátttökustefnu (e. engagement policy)".

Í 3. gr. g SRD II er hins vegar skýrt kveðið á um að ákvæði um þátttökustefnu byggja á „fylgið eða skýrið reglu“ (e. comply or explain). Í texta greinargerðarinnar er aftur á móti alls ekki skýrt að reglan eigi við um innleiðingu þátttökustefnu. Þetta mætti skýra betur í ákvæðinu sjálfu og gæta þar með að samræmi við 3. gr. SRD II.

6. Orðalagið „þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins.“

Á ýmsum stöðum vísa frumvarpsdrög til einstaklinga sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins. Samkvæmt athugasemd við 2. gr. frumvarpsdraga, má ætla að þar sé á ferðinni viðleitni til að ná yfir hugtakið stjórnandi skv. i-lið 2. gr. SRD I. Ákvæðið er svohljóðandi:

„‘director’ means:

- (i) any member of the administrative, management or supervisory bodies of a company;
- (ii) where they are not members of the administrative, management or supervisory bodies of a company, the chief executive officer and, if such function exists in a company, the deputy chief executive officer;
- (iii) where so determined by a Member State, other persons who perform functions similar to those performed under point (i) or (ii);“

Málið vandast hins vegar þegar litið er til þess að liður iii) opnar á að beitt sé skilgreiningu sem lögð er til grundvallar í landsrétti hvers ríkis fyrir sig. Virðist því stefna í einhverskonar hringlaga tilvísun landsréttar, til EES-réttar, sem vísar til landsréttar.

Því er mikilvægt að hnykkt sé betur á því hver ætlun löggjafans er. Orðalagið „hefur heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins“ er heldur matskennt og óljóst hvort og hverjir eftirfarandi

¹ <https://vb.is/frettir/gaedastimpill-fyrir-islenska-markadinn/>



falli undir það, hið minnsta má leggja til að skýrt sé kveðið á um að eftirfarandi falli utan orðalagsins:

1. Almennir starfsmenn sem hafa afmarkaða heimild til að skuldbinda félagið, t.d. starfsmenn sem sjá um innkaup á vöru og þjónustu eða aðrir starfsmenn sem hafa heimild til að undirrita f.h. félagsins á sínu starfssviði.
2. Millistjórnendur án undirritunar- eða prókúruheimilda
3. Verkefnastjórar sem hafa einungis heimild til að ráðstafa málum innan félagsins.

7. 9. gr. – Gildistökuákvæði og aðlögunartími

Frumvarpið gerir ráð fyrir gildistöku 1. júlí 2026. Samtökin telja þá tímalínu ekki raunhæfa til aðlögunar og innleiðingar hjá þeim aðilum sem frumvarpið nær til. Telja samtökin að raunhæfara sé að miða við áramótin 2026-2027. Framangreindu til viðbótar er nauðsynlegt að taka tillit til þess að breytingar á starfskjarastefnum eru miðaðar við aðalfundi félaga og er því eðlilegt að allar breytingar sem snúa að starfskjarastefnum taki ekki gildi fyrr en eftir aðalfundi sem haldnir verða á árinu 2027.

Samtökin eru reiðbúin til samtals vegna umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Heiðun B. Gísladóttir

f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Blaspar Sævarsson

f.h. SVP – Samtaka verslunar og
þjónustu

Kristinn Mær Reysson

f.h. Samorku

Katrín Htt

f.h. Samtaka iðnaðarins

Erla T. Stefánsd.

f.h. Samtaka fyrirtækja í
fjármálaþjónustu

Jón Björk Þreinsdóttir

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Heiðunur Guðmundsson

f.h. Viðskiptaráðs Íslands

Þórunn Þreinsdóttir